

Farið var í eftirlitsferð 27.júlí 2004 í tilraunareit ORF í Gunnarsholti (mál nr. UST20030700159) Frá Umhverfisstofnun fóru Elín Guðmundsdóttir og Jónína Stefánsdóttir, Frá ORF Líftækni kom Björn Örvar auk Jónatans Hermannssonar frá Rala.

Innan rafmagnsgirðingar (m.sólarsellu) eru

- a) Reitur sem erfðabreytta ræktunin var í í fyrra, og leitað er að liðhlaupum nú
- b) Reitur með erfðabreyttri ræktun nú, með Ven í kring
- c) Reitur með Ven úr víxlreitunum frá í fyrra, það verður skoðað um miðjan ágúst og leitað hvort þar finnst víxlfrjóvgun/blendingur Ven og G.P.
- d) Reitur með óerfðabreyttu GP með Ven umhverfis.
- e) Reitur frá Rala með mörgum byggttegundum, sem verið er að prófa og bera saman milli margra mism staða á landinu.

Auk þess er sunnar girðing með 3 mism uppsetningum af GP í miðju og Ven í kring (sbr mynd 13)

Frávik frá umsókn: Engar frjókornagildir eru notaðar. Ekki hafrabelti.



Mynd 1) Jónatan útskýrir axgerðina og hvernig farið er að því að handfrjóvga mism byggttegundir, en það gerði hann til þess að sjá hvernig blendingur 2 raða Golden Promis og 6 raða Ven lítur út, í þeim tilgangi að þekkja slíka blendinga sem hugsanlega verða til við þessar tilraunir..



Mynd 2



Mynd 3. Reitir með Ven, af fræjum tilraunareita frá 2003 þar sem Ven og Golden Promise og var plantað til skiptis, í endurteknum reitum hlið við hlið. Einnig fræjum af Ven sem var umhverfis erfðabreytta reitinn 2003. Leita á að blendingum. (upp kom spurning um hvað eigi að gera við plönturnar að því loknu)



Næstu myndir (4-8) sýna tilraunareitinn frá í fyrra (2003). Verið er að kanna hvort liðhlaupar vaxi. Eftir skurð voru flestir reitir látnir óhreyfðir, einn reitur var plægður að hausti(2003), einn reitur var plægður að hausti (2003) og vori (2004). Nokkir liðhlaupar voru sjáanlegir, en talið skv. fyrri reynslu er talið útilokað að þeir nái að mynda fræ, heldur komi byggplöntur (liðhlaupar) einungis upp fyrsta árið eftir ræktun.



Mynd 4. Reitir sem erfðabreytt GP var ræktað í 2003, þessir reitir voru ekki plægðir.



Mynd 5) Liðhlaupar sjáanlegir





Mynd 6 Net var strengt yfir einn reitinn til að koma í veg fyrir að fuglar myndu hirða upp frá sem gætu verið eftir að byggið var skorið haustið 2003.




Mynd7 Sama og mynd 6.





Mynd 8 Reitir sem erfðabreytt GP var ræktað í 2003, og var plægður um haustið.



Mynd 9 Girtur reitur í miðju með erfðabreyttu Golden promise, Ven umhverfis.



Mynd 10 Elín, Björn og Jónatan ganga gegnum Ven byggið sem er umhverfis afgirta reitinn með erfðabreyttu Golden promise, með línur strengdar yfir.





Mynd 11 Erfðabreytt Golden promise, 8 mism línur innan reitsins, línur strengdar yfir til að hindra gæsir.



Mynd 12. Erfðabreytt Golden promise, 8 mism línur innan reitsins, línur strengdar yfir til að hindra gæsir.

Óerfðabreytt Ven í kring.



Mynd 13 Tilraun með óerfðabreytt Golden promise í miðju og Ven í “mikilli” fjarlægð frá allan hringinn til að kanna möguleika á víxlfrjóvgun. Þrír slíkir reitir eru með mismikilli fjarlægð milli G.P. í miðju og Vens utanum.